



FRÉTTABRÉF

Fréttabréf Brunatæknifélagsins og Íslandsdeildar IFE
17. árgangur 1. tölublað
18. janúar 2011
Ritstjóri: Kristján Vilhelm Rúriksson

Morgunverðarfundur

Fyrsti morgunverðarfundur ársins hjá BTÍ verður haldinn miðvikudaginn 26. janúar nk. á Hótel Loftleiðum í Þingsal 4, kl. 8 - 10.

Fundarefni:

1. Yfirlit yfir bruna síðasta árs. Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur Mannvirkjastofnunar fer yfir árið, skoðar tjónatölur og ber saman við meðaltöl síðari ára.
2. Guðmundur H. Sigfússon slökkviliðsstjóri Fjarðarbyggð segir frá bruna í spennu hjá álverksmiðju Fjarðaráls í desember sl. og slökkvistarfinu.
3. Jóhann Helgason framkvæmdastjóri áreiðanleikateymis Alcoa Fjarðaráls segir frá brunanum út frá sjónarhorni eigandans.

Enginn aðgangseyrir en fundarmenn kaupa sér morgunverð sem kostar 1.800 kr.

Stjórn BTÍ

Fréttir af síðasta fundi

Á síðasta fundi, sem var haldinn þann 16. desember, var fjallað um aðkomuáætlanir SHS að stórum byggingum. Fundurinn var mjög fróðlegur en þar fjallaði Höskuldur Einarsson frá SHS um hvernig slökkviliðið undirbýr aðkomu að stórum byggingum og hvaða lærdóm hönnuðir og arkítekta geta dregið af reynslu þess. Ljóst er að ýmislegt má bæta til að gera starf slökkviliðsins auðveldara og geta hönnuðir lært mikið á því að kynna sér þær ábendingar sem slökkviliðin koma með t.d. hvað varðar staðsetningu inntaksrýmis varðloka og inntaksopa fyrir úðakerfi bygginga. Að tryggja öryggi bygginga er flókið verk og ljóst að þeim mun opnari samskipti sem eru milli slökkviliðs og hönnuða þeim mun öruggari og betri byggingar fáum við.

Næst fjallaði Örvar Aðalsteinsson frá SHS um merkingar sem hann og hans fólk hafa látið búa til. Þarna er um að ræða merkingar sem tengjast t.d. flóttaleiðum, tilkynningar á fjöldatakmörkunum og merkingum sem skipta máli fyrir slökkviliðin þegar þau koma á staðinn en góðar merkingar á slökkvistað geta auðveldað starf slökkviliða mikið þegar þau koma þangað.

*Dagskrá vetrarins 2010 – 2011.

20. október	Brunavarnir á heimilum
19. nóvember	Kynnisferð í Hörpu
16. desember	Aðkomuáætlanir vegna stórra bygginga og kynning á skiltum, límmiðum frá SHS
26. janúar	Helstu brunar ársins 2010
Febrúar	Efni auglýst síðar
Mars	Efni auglýst síðar
Apríl	Aðalfundur, Brunavarnarþing. Ný byggingalög og byggingarreglugerð.

Stjórn Brunatæknifélagssins veturinn 2010 – 2011.

Formaður

Óskar Þorsteinsson Sími: 422 3321 tölvupóstur: oskart@mannvit.is

Gjaldkeri

Árni Árnason Sími: 412 6035 tölvupóstur: arni.arnason@efla.is

Varaformaður

Örvar Aðalsteinsson Sími: 528 3000 tölvupóstur: orvar.adalsteinsson@shs.is

Ritari

Kristján Vilhelm Rúriksson Sími: 591 6018 tölvupóstur: kristjan@mvs.is

Meðstjórnandi

Björn Ingi Sverrisson Sími: 422 8549 tölvupóstur: bis@verkis.is